



# Starfsáætlun

# Leikskólinn Dalur

Skólaárið 2025 – 2026

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af Aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

## Efnisyfirlit

|                                                           |           |
|-----------------------------------------------------------|-----------|
| 1. Greinargerð leikskólastjóra.....                       | 3         |
| 1.1 Skólastarfið í Dal .....                              | 4         |
| 2. Innra og ytra mat leikskólans 2024-2025 .....          | 5         |
| 2.1 Innra mat .....                                       | 5         |
| 2.2 Matsteymi og þátttaka í innra mati.....               | 5         |
| 2.3 Niðurstöður úr matsáætlun 2024-2025.....              | 6         |
| 2.4 Ytra mat.....                                         | 7         |
| Starfsmanna og foreldra könnun á vegum Skólapúlsins. .... | 7         |
| 2.5 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 .....              | 8         |
| 3. Innra mat Rauðu lindar.....                            | 9         |
| Umbótaáætlun Rauðu lindar 2025-2026 .....                 | 10        |
| 4. Innra mat Gulu lindar.....                             | 11        |
| Umbótaáætlun Gulu lindar 2025-2026.....                   | 13        |
| 5. Innra mat Grænu lindar .....                           | 14        |
| Umbótaáætlun Grænu lindar 2025-2026.....                  | 16        |
| 6. Innra mat Bláu lindar .....                            | 17        |
| 7. Innra mat sérkennslu .....                             | 19        |
| 8. Þróunar- og nýbreytnistarf.....                        | 21        |
| 9. Starfsmannahald .....                                  | 21        |
| 10. Símenntunaráætlun .....                               | 22        |
| Námskeið sem farið var á 2024 – 2025 .....                | 22        |
| 9.1. Skipulagsdagar - skólaárið 2025-2026 .....           | 24        |
| 11. Foreldrasamstarf .....                                | 24        |
| 10.1 Foreldraráð .....                                    | 24        |
| 10.2 Foreldrafélag .....                                  | 24        |
| 12. Öryggismál .....                                      | 24        |
| 13. Viðhald.....                                          | 25        |
| <b>13. Fylgigögn .....</b>                                | <b>25</b> |
| <b>13.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....</b>       | <b>25</b> |

## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Þá er skólaárinu að ljúka og hefur verið viðburðaríkt eins og venja er í leikskólanum. Starfsmannahópurinn í Dal er stöðugur og samanstendur af leikskólakennurum ásamt leiðbeinendum með langan starfsaldur og er þetta blanda sem við erum ánægð með. Starfsandinn er góður og foreldrahópurinn er flottur og margir búnir að útskrifa öll sín börn frá Dal. Það segir okkur að við erum að gera margt vel.

Stóra verkefnið okkar í vetur voru breytingar á Aðalnámskrá leikskóla sem við skoðuðum vel og unnum að á skipulagsdögum og aðlöguðum síðan inn í starfið.

Það er fátt nýtt undir sólinni en nýjar og breyttar áherslur kalla á nýtt verklag og aðferðir, það tekur alltaf tíma að aðlaga sig að nýjum aðferðum og hugtökum. Áhersla var á sjálfsprottinn leik og kveikjur til leikja. Stundum er dagskipulagið orðin svo þétt að lítill tími virðist aflögu fyrir aðalnámsleið leikskólabarna sem er sjálfsprottinn leikur. Því þurfti að skoða dagskipulagið og hliðra til. Breyta hópastærðum og nýta húsnæði og garðinn okkar enn betur. Okkur finnst hafa tekist vel til en alltaf má gera betur og höldum við þessari vinnu áfram inn í næsta vetur. Þróunarstarf er hringferli sem aldrei lýkur og það þekkjum við vel.



Fullgilding, inngilding og valdefling eru gömul hugtök í nýjum umbúðum sem þarf að tileinka sér og vinna að einnig er eiturefnalaus leikskóli stór þáttur sem við þurfum að tileinka okkur vel. Þar er hægt að nefna að leikföng leikskólans voru yfirfarin með tilliti til þessa. Mörgu hent og annað fékk betra pláss. Við höldum ótrauð áfram þessari vegferð og verkefni komandi vetrar er að endurskoða skólanámskrána okkar sem er komin til ára sinna. Það verður spennandi og gefandi verkefni einnig ætlum við að skoða læsi í sjálfsprottinum leik. Við munum nýta skipulagsdaga í hópavinnu þvert á skólann í skólanámskrárvinnunni ásamt fræðslu varðandi hana og aðra þætti. Samhliða þessari vinnu munum við móta læsisstefnu og málstefnu skólans. Við

höfum keypt fyrirlestra frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur um Læsi í sjálfsprottnum leik því okkur þykir mikilvægt að nota leikinn sem rauða þráðinn í öllu námi skólans.

## 1.1 Skólastarfið í Dal

Skólastarf er í sífelldri mótun, starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Læsi á stóran sess í starfinu ásamt ýmsum hefðum.



*Einkunnarorð leikskólans Dals eru virðing, ábyrgð og sjálfstæði.*

Markmið okkar er að virðing sé borin fyrir öllum þeim sem að leikskólanum koma. Við berum virðingu hvert fyrir öðru jafnframt því að bera ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum.

| Virðing            | Ábyrgð         | Sjálfstæði |
|--------------------|----------------|------------|
| Fyrir sjálfum sér  | Á sjálfum sér  | Í vali     |
| Fyrir öðrum        | Á vali sínu    | Í skoðunum |
| Fyrir tilfinningum | Á gerðum sínum | Í tjáningu |
| Fyrir umhverfinu   | Á orðum sínum  | Í verkum   |



## 2. Innra og ytra mat leikskólans 2024-2025

### 2.1 Innra mat



Innra mat á að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiðs skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem út af standa.

### 2.2 Matsteymi og þátttaka í innra mati

Við höfum breytt innra mati í Dal þannig að það er ekki matsteymi þvert á skólann. Heldur gerir hver deild sitt innra mat fyrir skólaárið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri gera svo innra mat fyrir stjórnunarhluta skólans. Innra mat er alltaf samvinnuverkefni allra starfsmanna, síðastliðinn vetur höfum við unnið þetta svona og hefur það gengið ágætlega. Það tekur þó alltaf tíma að tileinka sér nýja síði svo það verður spennandi að sjá hvernig komandi vetur verður og fólk hefur farið einn hring í gegnum þetta kerfi. Foreldraráð les síðan yfir starfsáætlun og gefur umsögn. Við munum síðan nota matsbók barnsins til þess að stuðla að þátttöku foreldra og barna í mati á leikskólastarfinu. Þetta erum við að hefja núna í vetur. Áður var þetta þróunarverkefni og er áætlunin að hefja matið með 3 yngstu árgöngum skólans.



## 2.3 Niðurstöður úr matsáætlun 2024-2025

Nokkrir umbótaþættir voru settir fram í starfsáætlun 2024-2025 og var markvisst unnið að þeim á síðasta skólaári. Í yfirlitinu hér fyrir neðan má sjá árangur umbótastarfsins.

| <i>Viðfangsefni/<br/>markmið</i> | <b>Hvernig fór matið fram?</b>                                            | <i>Viðmið um árangur</i><br><b>Hverjir tóku þátt í matinu?</b><br>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | <b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>                                                                                        |
|----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Virkja deildarstjóra             | Handleiðsla nýrra deildarstjóra reglulega. Í hóp og einstaklingssamtölum. | Deildastjórar og leikskólastjóri                                                                       | Mjög gott að taka þessi samtöl og hugsa að ég haldi þeim inni að einhverjum hluta áfram kanski aðeins sjaldnar. Taka yngri gang saman og eldri gang saman. |
| Dagskipulag                      | Deildarfundir. Samvinna                                                   | Starfsmenn deilda                                                                                      | Þetta gekk mjög vel og var strax að hausti farið í að breyta hópum með inni og úti hópum. Starfsfólk fann mikinn mun á hávaða og vinnufriður barna jókst.  |
| Fundarskipulag                   | Þetta verkefni féll um sjálft sig vegna anna í öðrum verkefnum.           | Munum halda þessu inni fyrir komandi vetur.                                                            | Munum halda þessu inni fyrir komandi vetur.                                                                                                                |



## 2.4 Ytra mat

### Starfsmanna og foreldra könnun á vegum Skólapúlsins.

Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar 2025 og var svarhlutfall 87%. Almenn ánægja virðist vera með leikskólann sem og stjórnun hans. Nokkrir foreldrar velta fyrir sér leka sem hefur verið frá þakglugga hússins en það var tekið og lagað í vor og erum við spennt að sjá hvernig það verður í vetur og vonum að þær lagfæringar hafi dugað til. Einnig velta foreldrar fyrir sér loftræstingu hússins sem er ekki mikil. Við tökum það til okkar og komum áfram til okkar yfirmanna.

Foreldrar eru ánægðir með starf skólans og margir hafa haft öll sín börn hér. Foreldrar telja litla starfsmannaveltu hafa mikið að segja um það góða starf sem hér fer fram og erum við ánægð að heyra það. Einhverjir hafa áhyggjur af aldursbilinu sem er á eldri deildum skólans og vilja sjá meiri samgang milli árganga á Gulu og Rauðu lind og er það starf hafið en er enn í þróun og verður vonandi enn meira á komandi vetri.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í apríl 2025 á vegum Skólapúlsins og var svarhlutfall 91%.



Starfsmenn í Dal eru ánægðir í starfi og telja starfið gott og starfsandann góðan. Það sem betur mætti fara er tölvubúnaður skólans, hann er kominn til ára sinna og vinna gæti verið skilvirkari með nýrri tækjum einnig er samrómur í hópnum um það sem flestir leikskólar glíma við en það er; færri börn á fleiri fermetrum. Leikskólakennarar eru meistarar í að gera sem mest úr fermetrunum sem þeir hafa en þeir myndu líklega ná að gera ennþá meira með fleiri fermetrum.



## 2.5 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

| UMBÓTAÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR    | Tækifæri til umbóta                                                                             | Aðgerðir til umbóta                                                                                        | Ábyrgð                  | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir?                                                                                                                          | Viðmið um árangur                                                                          |
|-------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|-------|-------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skólanámskrá                  | Gera nýja skólanámskrá. Fyrri er komin til ára sinna. Hér fléttast áætlun um læsisstefnu og við | Vinna að skólanámskrá í samstarfi við starfsmenn skólans með tilliti til breytinga á Aðalnámskrá leikskóla | Leikskólastjóri         | ágúst | júní  | Starfsmenn nota undirbúning fyrir þessa vinnu. Allir taka þátt. Klst á viku í lestur. Vinna á skipulagsdögum. Markmiðasetning leslisti og spurningalistar. | Að skólanámskrá verði tilbúin að vori sem allt starfsfólk veit og skilur hvað gengur út á. |
| Hlutverk kennara í leik barna | Að kennarar fái betri skilning á hlutverki sínu í leik barna                                    | Lestur fræðigreina. Handbók um leikinn. Umræður                                                            | Leikskólastjóri         | haust | Vor   | Deildarfundir. Allir koma með punkta á fundinn.                                                                                                            | Skilar sér í sameiginlegri sýn og markvissara starfi með börnunum.                         |
| Fundarskipulag                | Setja upp markvissa fundaráætlun fyrir skólaárið                                                | Gera áætlun sem er sýnileg og markviss.                                                                    | Aðstoðarleikskólastjóri | Sept  | Maí   | Gera skipulag í líkingu við skóladagatal nema fyrir fundi.                                                                                                 | Skilar sér í markvissu starfi, ýtir undir lærdómssamfélag kennara.                         |

### 3. Innra mat Rauðu lindar

Á leikskólaárinu 2024 - 2025 voru 25 börn skráð á Rauðu Lind: Níu fædd 2019, 14 fædd 2020 og tvö fædd 2021. Starfsárið hófst með rólegri og markvissri aðlögun strax eftir sumarfrí, sem gekk vel og eldri börnin tóku vel á móti þeim yngri.

Börnunum var skipt í árgangahópa og kusu lýðræðislega nöfn á hópana. Áhersla var lögð á félagslega tengslamyndun og nám í gegnum leik. Rými og útvera voru skipulögð í samstarfi við Gulu Lind til að efla tengsl meðal jafnaldranna og skapa svigrúm fyrir skapandi leik.



**Árgangur 2019 – Blómahópur** var í góðu samstarfi við Lindaskóla, heimsótti Frístund og borðaði stundum í skólanum. Hópurinn vann með Lubba og sinnti fjölbreyttu hópastarfi með áherslu á hljóð, fínhyfingur, menningu og árstíðir. Börnin heimsóttu m.a. Þjóðleikhúsið, Alþingi og Árbæjarsafnið.

**Árgangur 2020 – Hjartahópur** Verkefni vetrarins tengdust Lubba, fínhyfingum, stærðfræði og þorra. Börnin heimsóttu Lindasafn reglulega, fengu lánaðar bækur og sóttu sögustundir. Úti- og innvera voru nýttar vel til leiks og náms.

**Árgangur 2021 – Einhyrningahópur** var sameinaður börnum af Gulu Lind. Lögð var áhersla á félagsfærni, þátttöku og samveru. Skapandi verkefni með fínhyfingum, tjáningu og sköpun einkenndu starfið, í takt við aldur og þroska hópsins.



### Innra mat og umbætur 2024–2025

#### Félagsfærni:

Við nýttum Blæ bangsa í hópastarfi til að efla góð samskipti. Barnahópnum var skipt upp með hluta barna inni og hluta úti. Einnig var deildinni skipt betur upp. Með þessu breytta leikumhverfi og að fækka börnum á svæðum sáum við aukna félagsfærni og betri samskipti meðal barnanna.

### Sjálfbærni og vísindi:

Hugmyndin um vísindakassa var lögð til hliðar og þess í stað unnum við með fjölbreyttar tilraunir og ræddum hugtök tengd sjálfbærni og náttúru í leikrænu samhengi. Börnin tóku virkan þátt og lærðu á lifandi hátt um umhverfi og eðli fyrirbæra. Kennaraneminn okkar kom með verkefnið sitt í náttúrufræðum. Það voru sniglar í kassa sem vöktu mikla og jákvæða athygli meðal barnanna og var þeim mikið nám.

### Fataherbergi:

Sjálfstæði barna var styrkt með markvissu starfi í minni hópum og með sjónrænu skipulagi þar sem þess þurfti. Börnin urðu meira sjálfbjarga og sjálfstæðari í að klæða sig í fataherberginu. Lögð var áhersla á að gefa þeim góðan tíma og hvatningu ásamt umræðum um veðrið og í hvað átti að fara. Þegar fór að hlýna í veðri voru þau orðin nokkuð fær í að meta fatnað sinn eftir eigin þörfum.

## Umbótaáætlun Rauðu lindar 2025-2026

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta                                                                                                               | Aðgerðir til umbóta                                                                                                | Ábyrgð | Hefst      | Lokið  | Hvernig metið/aðferðir?                                            | Viðmið um árangur                                                                               |
|-----------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|------------|--------|--------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Heilbrigði og vellíðan      | Matstofa<br>Að börnin fylgi ákveðnum reglum í matstofu og viti hvers skal ætlast. Börnin fá jákvætt samband við mat og matstofuna | Skapa góða aðstöðu til að matast og börnin fá tækifæri til að hjálpa sér sjálf og eiga góða stund meðan þau borða. | Elfa   | júní 2025  | Okt 26 | Fylgjast með og meta, bæði starfsfólk og börn. Könnun og skráning. | Börnin verði sjálfstæð í matstofunni og geta skammtað sér sjálf og átt jákvætt samband við mat. |
| Læsi                        | Að fjölga söngstundum og samveru stundum<br>Lesa í litlum hópum                                                                   | Samverustund 11:15-11:30, endurskoða dagskipulagið                                                                 | Stella | ágúst 2025 | Jan 26 | Skráningar og mynda Deildarfundi umræður.                          | Börnin öðlist betri orðaforða í gegnum söng og lestur bóka, Börnin þjálfast í að hlusta.        |

|                 |                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                         |         |          |        |                                             |                                                                                                            |
|-----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------|----------|--------|---------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Efla leik barna | Hafa gott rými til leiks og efla sjálfstæði barnanna, góða birtu og hljóðvist svo leikurinn fái notið sín og úthaldið verði meira í leik. | Gera námsumhverfi aðgengilegt og hvetjandi, hólfa niður rými svo meira næði náist í leik. Kveikjur aðgengilegar, þannig að umhverfið virki sem kennari í námi barnanna. | Soffí a | Okt 2025 | Des 26 | Skráningar og mynda Deildarfundi r umræður. | Börnin bæti samskipti sín á milli og hver og einn fái notið sín í leik og fái að vinna að áhugasviði sínu. |
|-----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------|----------|--------|---------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

#### 4. Innra mat Gulu lindar

Veturinn 2024-2025 voru 25 börn á Gulu lind. Sjö börn fædd 2019, þrettán börn fædd 2020 og fimm börn fædd 2021.

Aðlögun gekk vel og börnin voru fyrstu vikurnar að læra að vera í sínum hópum. Hver hópur var með lýðræðislega kosningu um hvað hópurinn þeirra ætti að heita og hóparnir fengu nöfnin Hjartahópur (2019), Regnbogahópur (2020) og Einhyrningahópur (2021). Daglegt starf var vel skipulagt og deildinni var skipt niður yfir daginn í minni hóp.

Samverustundum var stundum skipt í tvennt. Hópastarfið var byggt upp á stærðfræði, læsi og félagsfærni. Við lögðum áherslu á að skapa ró og næði inni á deildinni með að fækka börnum í hóp og nýta svæðin betur. Við vorum með markmið að bæta okkur í vettvangsferðum og því var lagt upp með að fara í vettvangsferð einu sinni til tvisvar í mánuði. Einnig var lögð áhersla á að fara í heimsóknir á Lindasafn.







Hjartahópur var í reglulegum heimsóknum og hópastarfi í Lindaskóla. Það samstarf gekk mjög vel og börnunum þótti gaman að fá að kynna Lindaskóla, þar sem flest þeirra munu byrja haustið 2025. Við teljum mikilvægt að halda því samstarfi áfram á næsta skólaári. Einnig fóru þau í ýmsar ferðir; Þjóðleikhúsið, Árbæjarsafn, Alþingi og fleiri staði. Útskriftin var haldin hátíðleg í leikhúsinu fyrir ofan leikskólann þar sem börnin sungu lög og fengu viðurkenningarskjal og medalíu. Góð mæting var og allir fóru alsælir heim.

### **Niðurstöður umbótaáætlunar Gulu lindar skólaárið 2024/2025:**

#### **Félagsfærni:**

Við lögðum mikla áherslu á félagsfærni í vetur, aukinn frjáls leikur og nám í gegnum leik. Höfum ekkert notað Blæ en tölum um samskipti og kærleik í gegnum bækur og samverustundir. Höfum séð mikinn árangur. Höfum minnkað hópana mikið bæði í leik og hópastarfi.

#### **Sjálfbærni og vísindi:**

Við notuðum ljós og skugga mikið í byrjun árs en þá fórum við af stað með skuggaleikhús. Við gerðum verkefni með fjaðrir og loft í salnum. Við notuðum viftu til að láta fjaðrirnar fljúga og mældum hversu langt þær fóru. Við fengum líka mikið af ónotuðum ísboxum. Við notuðum þau til að byggja turna og lærðum aðeins um sjálfbærni og endurvinnslu í leiðinni. Við gerðum ekki eins mikið og við ætluðum okkur en ætlum að halda áfram að vinna með sjálfbærni og vísindi í vetur.

#### **Fataherbergi:**

Við lögðum upp með að skipta hópunum meira upp í fataherberginu. Elsti og yngsti hópurinn fóru saman í fataherbergið (tólf saman) og miðhópurinn (13 talsins) notuðu fataherbergið á öðrum tímum. Einnig náðum við miklum árangri í sjálfstæði í fataherberginu og börnin klæða sig meira sjálf núna en áður. Við settum líka upp sjónrænt skipulag sem virkaði vel.

## Umbótaáætlun Gulu lindar 2025-2026

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR      | Tækifæri til umbóta                                                                                                                  | Aðgerðir til umbóta                                                                                   | Ábyrgð   | Hefst og lokið                 | Hvernig metið/aðferðir?                                                                                                                             | Viðmið um árangur                                                                                       |
|----------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|--------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Samveru stundir                  | Finna betri tímasetningu á söngstundir og bæta inn einni lestrarstund. Við ætlum að hafa tvær samverur og skipta hópnum eftir aldri. | Tvískipta söng/sögust undum kl 9:30 í ávaxtastund. Reyna svo að bæta við stund kl 12:30 og/eða kl 15. | Fróði    | Septem ber 2025 - október 2025 | Taka stöðuna á deildarfundi tvisvar yfir tímabilið.                                                                                                 | Að lesa einu sinni á dag fyrir alla og hafa eina söngstund á dag.                                       |
| Hreyfing/útivera/vettvangsferðir | Fara í fleiri vettvangsferðir og hafa markvissari hreyfistundir.                                                                     | Skipuleggja vikulegar gönguferðir Nota salinn meira í hreyfileiki.                                    | Steinunn | Haust 2025 - desember 2025     | Taka stöðuna á deildarfundi tvisvar yfir tímabilið og í lok tímabils til að sjá hvernig við getum byrjað nýtt ár með meiri hreyfingu en það síðasta | Að hreyfing verði orðin partur af daglegu starfi og að vettvangsferðir verði a.m.k einu sinni í mánuði. |
| Hópastarf                        | Endurhugsa hópastarfið. hafa það einstaklingsmiðað og gera það út frá áhugasviði barnahópsins                                        | Hafa hópastarfið ekki eins einhæft og áður. Hlusta meira á börnin og fylgja þeirra áhuga.             | Elvur    | Haust 2025 - vor 2026          | Taka stöðuna á deildarfundi einu sinni í mánuði. Skrániður ferlið.                                                                                  | Að hópastarfið verði skemmtilegra og ánægjulegra fyrir bæði kennara og börn.                            |

## 5. Innra mat Grænu lindar

Leikskólaárið 2024-2025 voru 17 börn á Grænulind, 11 börn fædd 2021 og 6 börn fædd 2022. Haustönnin byrjaði á aðlögun milli deilda, 13 börn komu af Bláu lind og 4 ný börn. Aðlögunin tók tíma en gekk þokkalega.

Í hópastarfi var börnunum skipt upp í 3 hópa eftir aldri og völdu þau sjálf nöfn hópanna. 2021 árgangi var skipt í tvennt en í árgangur 2022 voru saman í einum hópi.

Börnin voru áhugasöm og virk. Unnið var markvisst með íslensku málhljóðin (*Lubbi finnur málbein*), heimaþekkingu, heiti grunnforma og lita. Börnin kynntust einnig tölutáknunum 1-10, þjálfuðu blýantsgrip og að klippa með skærum, fræddust um fuglana hrafn og lóu og fleira. Einnig kynntust börnin mismunandi efnivið, bæði í hópastarfi og utan þess. Vináttubangsinn Blær var notaður í hvíldinni.



Markvisst var unnið með félagsfærni í þeim tilgangi að bæta samskiptin milli barnanna. Ofuráhersla var lögð á fataherbergið og að börnin yrðu sjálfstæð og jákvæð með að hjálpa sér sjálf. Færni þeirra var metin samkvæmt matslista í tvígang, í janúar og í lok júní. Foreldrasamtöl eru öllu jafnaði einu sinni á ári en oftar sé þess óskað. Að þessu sinni voru þau í febrúar/mars að lokinni TRAS málþroskaskráningu hjá börnunum.

Farið var út nánast daglega, hvernig sem viðraði. Bókasafnið í Lindaskóla var oft nýtt á þriðjudögum. Farið var með fjögur börn af deildinni hverju sinni ásamt börnum á Gulu- og Rauðulind. Þar hlustuðu þau á upplestur og fengu bækur lánaðar. Börnin voru spennt að fara á safnið.

**Félagsfærni:** Við settum okkur markmið að auka félagsfærni í barnahópnum. Lögð var áhersla á samskipti, að vera góð hvort við annað og gekk það vel. Samskiptin innan hópsins eru góð og vinskapur milli barnanna mikill.

**Sjálfbærni og vísindi:** Við kynntum börnin fyrir mismunandi efnivið, m.a. í listsköpun og útiveru. Gerð var tilraun með spírun fræja; farið var ruslatínsluferð í nágrenni leikskólans; í vettvangsferð í leit að litum og grunnformum í umhverfinu og gerð tilraun með smáhluti sem annað hvort sukku eða flutu í vatni (*flýtur/sekkur þetta?*).



**Fataherbergi:** Þau markmið sem við settum okkur varðandi fataherbergið stóðust mjög vel. Við fórum með 4-5 börn í einu svo þau fengu nægt pláss og næði til að klæða sig fyrir útiveru. Börnin eru nánast alveg sjálfbjarga í fatherberginu og, eins og áður sagði, var færni þeirra metin tvisvar yfir skólaárið.



## Umbótaáætlun Grænu lindar 2025-2026

| UMBÓTA-ÞÁTTUR/<br>MATS-ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta                                                                                                                                                                       | Aðgerðir til umbóta                                                                                | Ábyrgð      | Hefst      | Lokið     | Hvernig metið/aðferðir?                                                                      | Viðmið um árangur                                                                                                       |
|-------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|------------|-----------|----------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Sjálfsprottinn leikur         | Skapa umhverfi sem hvetur til leiks; auka úthald barnanna í sjálfsprottnum leik.                                                                                                          | Að náms-umhverfi sé aðgengilegt og hvetjandi; setja upp kveikjur; stilla upp leikefni á deildinni. | Margrét     | Sept. 2025 | Nóv. 2025 | Uppeldisfræðileg skráning og umræða á deildarfundi í nóvember (á skipulagsdegi).             | Að börnin læri að finna upp leiki.                                                                                      |
| Gönguferðir                   | Að börnin læri heiti grunn-formanna ● og ■ ; þau læri litahaitin <i>gulur</i> og <i>rauður</i> ; þau skoði áhrif árstíða-breytinga á lauftré; þau fylgi fyrirmælum kennara í gönguferðum. | Í hópastarfi og þær stundir nýttar í gönguferðir 2x í mánuði.                                      | Telma       | Sept. 2025 | Nóv. 2025 | Með skráningu í kennsluáætlun ( <i>skráning</i> ), á deildafundi (skipulagsdegi í nóvember). | Að börnin þekki ● , ■ og litahaitin <i>gulur</i> og <i>rauður</i> . Þekki árstíða-heitin <i>sumar</i> og <i>haust</i> . |
| Matstofa                      | Að börnunum líði vel í matstofu; að efla sjálfstraust barnanna og getu til sjálfshjálpar.                                                                                                 | Byrjum rólega, börnin, fara 15 mín fyrr í mat en hinar deildirnar                                  | Aðal heiður | Sept. 2025 | Nóv. 2025 | Á deildarfundum og á skipulagsdegi í nóvember.                                               | Að þeim líði vel í matstofunni og upplifunin þar sé góð.                                                                |



## 6. Innra mat Bláu lindar

Leikskólaárið 2024-2025 voru 14 börn á Bláu lind; 13 börn fædd 2022 og 1 barn fætt 2023. Eftir áramót færðust 2 elstu börnin yfir á Grænu lind og tvö 2023 börn komu ný inn á Bláu lind.

Haustið einkenndist af krefjandi aðlögun. Börnin voru nokkuð lengi að koma sér fyrir á deildinni og voru þar ýmsar ástæður fyrir eins og veikindi starfsfólks og annað. Foreldrasamtöl eru öllu jafnaði einu sinni á ári en oftast sé þess óskað, að þessu sinni voru þau í febrúar/mars að lokinni TRAS málproskaskráningu hjá börnunum.

Farið var út nánast daglega og bókasafnið í Lindaskóla var nýtt á þriðjudögum eftir áramót. Við settum okkur markmið að auka félagsfærni í barnahópnum og var lögð áhersla á samskipti og að vera góð hvort við annað og gekk það ágætlega.

Sjálfbærni og vísindi, Lögð áhersla á að læra að þvo hendur eftir klósett/bleiu og ganga frá skóm í fataherbergi. Hólfín í fataherberginu eru of há til að þau nái að hengja upp fötin sín, þess vegna byrjum við á skónum.



| UMBÓTA-<br>ÞÁTTUR/<br>MATS-<br>ÞÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                         | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                  | Ábyrgð | Hefst       | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir?                           | Viðmið um<br>árangur                                                                                                           |
|---------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|-------------|-----------|------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Náms<br>umhverfi                      | Mikið af<br>plastdóti og<br>lítið um<br>opinn<br>efnivið.<br>Aðallega<br>verið að<br>dreifa dóti<br>um gólfíð. | Hafa efniviðinn<br>fjölbreyttari og<br>meira opin og<br>skapandi.<br>Einnig viljum<br>við bæta<br>aðgengi<br>barnanna að<br>efniviðnum. | Sirry  | Ágúst<br>25 | Maí<br>26 | Myndaskráningar<br>og ræða saman á<br>deildarfundum. | Að börnin<br>geti nálgast<br>efniviðinn og<br>haft þannig<br>val um<br>leik/leikefni.<br>Sjálfstæðari<br>börn.                 |
| Félagsfærni                           | Of oft margir<br>einstaklingar<br>í sama rými.                                                                 | Vinna í litlum<br>hópum með<br>tilfinningar og<br>samkennd                                                                              | Sirry  | Ágúst25     | Mai<br>26 | Ræða og skrá á<br>deildarfundum.                     | Að börnin<br>hafi náð<br>góðri færni í<br>samskiptum.<br>Getu tjáð<br>tilfinningar<br>sínar og<br>tekið tillit til<br>annarra. |
| Samstarf<br>við foreldra<br>um Læsi   | Bæta<br>fræðslu til<br>foreldra um<br>mikilvægi<br>lesturs og<br>hvernig best<br>sé staðið að<br>eflingu máls. | Þjóða uppá<br>aðlögunarviðtal<br>að hausti og<br>kynna þar læsi<br>og snemmtæka<br>íhlutun læsis                                        | Sirry  | Ágúst<br>25 | Maí<br>26 | Foreldraviðtal í<br>febrúar. TRAS                    | Samvinna<br>heimilis og<br>skóla í<br>góðum<br>farvegi.<br>Foreldrar<br>vita hvað<br>þeirra<br>hlutverk er.                    |

## 7. Innra mat sérkennslu

Leikskólinn er fyrsta skólastig fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna efli vináttubönd og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá sérkennslu eða stuðning samkvæmt þeim reglum sem sveitarfélagið setur þar um.

Í lausnarteymi leikskólans sitja tveir kennarar ásamt sérkennslustjóra. Markmiðið með starfi teymisins er að leita lausna þeirra mála sem borin eru upp í teyminu, skoða aðstæður og kennsluhætti. Teymið getur veitt kennurum stuðning og ráðgjöf og stuðlað að aukinni samvinnu innan skólans. Ef starfsmenn hafa áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barna og þarfnast úrræða geta þeir vísað málinu til lausnarteymis leikskólans á sérstökum eyðublöðum. Lausnateymið fer yfir málið ásamt deildastjóra og skipuleggur íhlutun sem deildin svo vinnur með í 3-6 mánuði. Eftir þann tíma er staðan endurmetin og farið yfir hvort frekari íhlutunar er þörf. Ef lausnir innan skólans nægja ekki er leitað eftir aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.

### Mat á sérkennslu 2025-2026

|                                                                                                                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Skipulagning sérkennslu 2025-2026</b><br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar? | Framkvæmd sérkennslunnar er sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks deilda. Sérkennslustjóri, sérkennarar ásamt deildarstjórum, skipulögðu þá vinnu sem fram fór síðastliðinn vetur. Ýmist var unnið með nemendum í einstaklingsþjálfun, í litlum hópum eða stuðningur við daglegt starf inni á deild. Samhliða því var mannauðurinn á deildinni nýttur, hópar minnkaðir og aldursskiptir. |
| Hvernig var skráningu háttað, til dæmis í hópastarfi, einstaklingskennslu og fleira?                                    | Misjafnt er hvernig skráningum er háttað, fer eftir því hvað er verið að athuga. Sumt er skráð í hópastarfi eða með athugunum inn á deild annað með beinum athugunum í sérkennsluherbergi.                                                                                                                                                                                             |
| <b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b><br>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fleira.                                      | Tras, Hljóm-2, Efi-2, Orðaskil, AEPS, Hæfniramar í íslensku.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |

## Umbótaáætlun sérkennslu

| UMBÓTA<br>ÞÁTTUR/<br>MATS<br>ÞÁTTUR                                      | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                            | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                  | Ábyr<br>gð         | He<br>fst      | Loki<br>ð | Hvernig<br>metið/aðfer<br>ðir?                                                                        | Viðmið um<br>árangur                                                                   |
|--------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|----------------|-----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|
| Einstaklin<br>gs<br>námsskrár                                            | Að markvissari<br>vinna sé eftir<br>einstaklingsnám<br>sskrá                                                                      | Deildarstjórar<br>á AEPS<br>námskeið,<br>regluleg<br>samtöl við<br>deildarstjóra                                                        | Anna<br>Guðr<br>ún | Se<br>pt<br>25 | Jan<br>26 | Samtöl við<br>deildarstjór<br>a einu sinni í<br>mánuði þar<br>sem farið er<br>yfir hvernig<br>gengur. | Góðar<br>skráningar í<br>einstaklings<br>námsskrár                                     |
| Hæfnirama<br>r                                                           | Starfsfólk kynni<br>sér<br>hæfniramma<br>na og hvernig þeir<br>eru notaðir fyrir<br>börn með<br>erlendan<br>tungumálabakgr<br>unn | Sérkennslustjó<br>ri kynni þá á<br>deildarfundum og<br>útskýrir<br>hvernig þeir<br>eru notaðir                                          | Anna<br>Guðr<br>ún | Se<br>pt<br>25 | Okt<br>25 | Hvort<br>starfsfólk sé<br>öruggt með<br>að nota þá                                                    | Að starfsfólk<br>nýti<br>hæfniramma<br>na til<br>skráningar                            |
| Móttökuá<br>ætlun fyrir<br>börn með<br>erlendan<br>tungumála<br>bakgrunn | Að tekið sé á<br>móti börnum og<br>foreldrum með<br>erlendan<br>tungumálabakgr<br>unn á<br>markvissan hátt.                       | Gera<br>markvissa<br>áætlun og<br>setja það í<br>vinnulýsingu.<br>Leikskólastjóri<br>og<br>aðstoðarstjóri<br>eru með í þeirri<br>vinnu. | Anna<br>Guðr<br>ún | Se<br>pt<br>25 | Okt<br>25 | Endurmat<br>hvort<br>áætlunin sé<br>að nýtast                                                         | Að starfsfólk<br>geti nýtt sér<br>áætlunina í<br>starfi og sé<br>öruggt með<br>ferlið. |

## 8. Þróunar- og nýbreytnistarf

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild.

Í vetur ætlum við að byrja að nota matsbók barnsins sem var þróunarverkefni í leikskólanum fyrir ári síðan. Við ætlum að byrja á yngstu árgöngum skólans þ.e. nemendum á Grænu lind og Bláu lind. Eldri deildirnar fara síðan í að stofna réttindaráð Unicef sem er hluti af því að verða réttindaskóli Unicef á Íslandi. Dalur hóf ferlið að verða réttindaskóli Unicef á síðastliðnu skólaári en þetta er 2 ára ferli sem við stefnum á að ljúka vorið 2026.

Farsældin er komin vel á veg í Dal og hefur stjórnendateymi leikskólans sótt námskeið og fræðslu því tengdu á líðandi skólaári.



## 9. Starfsmannahald

Í Dal er gert ráð fyrir 16,5 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 50% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri meðal annars heimasíðu leikskólans og skipulagningu á faglegu starfi. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Síðasta starfsár voru 19,5 stöðugildi en þar af voru 2 stöðugildi vegna sérkennslu.



## 10. Símenntunaráætlun

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir starfið og sækja þau.

2025 - 2026

| Námskeið                                            | Hvenær         | Hverjir         |
|-----------------------------------------------------|----------------|-----------------|
| HÍ leikskólafræði                                   | Haust/vor      | 1 nemi          |
| Kraganámskeið                                       | skólaárið      |                 |
| Deildarstjórafundir<br>mánaðarlegir í<br>Fagralundi |                | Deildarstjórar  |
| Læsi í leik fyrirlestrar                            | Yfir skólaárið | Allt starfsfólk |

### Námskeið sem farið var á 2024 – 2025

- Skyndihjálparnámskeið allt starfsfólk á skipulagsdegi
- Kynningarfundur Unichef til að verða réttindaskóli. Allt starfsfólk Guðmundarlundur
- AEPS réttinda námskeið
- TRAS réttinda námskeið
- Fjölbreyttar tjáskiptaleiðir
- Einhverfurófið grunnnámskeið
- Kraganámskeið um listsköpun í skólastarfi
- Kraganámskeið um hæglæti í leikskólastjarfi
- Námsstefna FSL
- Ictle ráðstefna í Dublin 8<sup>th</sup> international conference on teaching, learning and education
- Ecera ráðstefna í Brighon
- Námsferð leikskólastjóra og leikskóladeildar til Glasgow
- Morgunverðarfundur Rannung um leikinn
- Kærleiksrik mörk í uppeldi leikskólabarna – endurmenntun HÍ
- Fræðslufundur um farsæld og samþætta þjónustu
- Deildarstjórar fræðslufundur um foreldrasamskipti og foreldraþroska
- Vinnudagur leikskólastjóra

- Tengslamyndun barna – 10 ára afmælisráðstefna Tröppu
- Nýliðanámskeið í Fagralundi
- Ráðstefna Ráðgjafa og greiningastöðvarinnar
- Ráðstefna félags sérkennara
- Leikur sem leið til að efla orðaforða
- Ráðstefna um hljóðóþol
- Námskeið PECS



## 9.1. Skipulagsdagar - skólaárið 2025-2026

26. september – Hlutverk kennarans í leik - skólanámskrá–farsældarkynning, deildarfundir

12. nóvember – Unnið að nýrri skólanámskrá og deildarfundir

26. janúar – Skólastarfið fyrir vorönn 2026 undirbúið og skólanámskrá og deildarfundir

11 mars - Skólanámskrá og deildarfundir

14. maí – Mat á innra starfi skólans og matsáætlanir

## 11. Foreldrasamstarf

Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem kosið er í foreldrafélag og foreldraráð.

### 10.1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

### 10.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

## 12. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS

## 13. Viðhald

### Skólaárið 2024 – 2025

Höfum endurnýjað þónokkuð af búnaði á deildum. Keypt nýjar mottur og Kallax hillur sem hafa fengið bakhliðar með filtmottum sem auka hljóðdempun á deildum. Einnig skipta þær rýmum upp svo betri tækifæri séu til leiks.

Þakið lekur í miðrými og var gerð ágætis tilraun til að laga þennan leka á vordögum. Enn er ekki komin nægileg reynsla á hvort að sú vinna hafi skilað tilætluðum árangri.

Lýsing hefur verið endurnýjuð að hluta í húsinu og verður sú vinna kláruð á komandi skólaári.

### Skólaárið 2025 – 2026 Óskir

Við erum með óskir um að fá innréttingu í sal og listasmiðju til þess að koma leirtaui út úr eldhúsi. Einnig er mikið um opnar hirslur í listasmiðju sem eru orðnar lúnar.

Hurð á þvottahús en það er í dag innangengt frá eldhúsi sem er óhentugt.

Opnanlegt fag á vesturglugga gangs. Mála gluggar og hurðar inna húss og utan.

Einnig dreymum við stórt og óskum eftir fundarherbergi og viðtalsherbergi en slík rými eru ekki í skólanum.

## 13. Fylgigögn

### 13.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

### **Fylgiskjal 3**

## **Starfsáætlun 2025 – 2026** **Leikskólinn Dalur**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Silja Guðbjörg Hafliðadóttir**  
**Heiðrún Ólöf Jónsdóttir**  
**Linda Hrönn Ingadóttir**



## **Umsögn foreldraráðs**

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt fyrir starfsáætlun leikskólans Dals skólaárið 2025-2026.

## **Skólastarfið**

Við erum ánægð með að verið sé að leggja mat á starf leikskólans. Einnig finnst okkur jákvætt að hæfilega margir þættir séu metnir í einu svo að starfið snúist ekki eingöngu um mat. Innra mat deildanna. Frá því í fyrra er greinilega komin reynsla á að deildirnar geri mat hver fyrir sig og er komin aukin samfella í matið og það staðlaðra milli deilda. Reynslan greinilega að skila sínu. Við í foreldraráðinu erum ánægð með gagnsæið sem fylgir því að birta í starfsáætlun mat deildanna og gefur það foreldrum aukna mynd af gangi mála inni á hverri deild. Styðjum við deildirnar áfram í þeirra starfi með flottum hugmyndum af úrbótum fyrir komandi ár. Okkur þótti þó miður að lesa um að Blær sé á undanhaldi á Gulu lind og vonum við að hann fái aftur að vera virkur þátttakandi í námi barnanna um vináttu og kærleika. Markmið um auknar vettvangsferðir teljum við vera góða leið til að víkka sjóndeildarhring leikskólabarnanna og veita þeim fjölbreyttari námstækifæri.

Á Rauðu lind var rætt um að tekist hafi að nýta fermetrafjölda hússins betur til að búa til tækifæri fyrir börnin að vera í minni hópum og ná þannig að njóta sín meira í leik og starfi. Starfsfólk deildarinnar fær hrós fyrir útsjónarsemina sem í því felst að nýta öll rými til hins ýtrasta sem skilar sér í aukinni vellíðan barnanna á deildinni. Við styðjum einnig heilshugar við tillögur starfsfólks um meiri fermetrafjölda fyrir hvert barn. Áreitið sem getur fylgt því að vera með of fáa fermetra fyrir hvert barn er ekki einhvað sem börnin okkar og kennarar þeirra eiga skilið.

Flottar áherslur eru í umbótaáætlunum Grænu og Bláu lindar.

## **Þróunar- og nýbreytnistarf**

Gott að sjá að skólastarfið er í stöðugri þróun og sífellt sé reynt að betrumbæta starfið. Áhugavert verður að sjá matsbókina í notkun á yngri deildunum á þessu skólaári. Einnig verður áhugavert að heyra meira frá réttindaráði og barnanna og innleiðingu barnasáttmálans inn í skólann.

## **Hagnýtar upplýsingar:**

Áhugavert er að sjá skiptingu barnahópsins innan leikskólans. Foreldraráðið er ánægt með að sjá stöðu öryggismála í leikskólanum en saknar þess en að sjá útbótaáætlun á húsnæði skólans auk þess sem ánægjulegt hefur verið að fá upplýsingar um starfsmannahald í fyrri starfsáætlunum.

## **Jákvæðar athugasemdir sem settar hafa verið fram áður og eiga enn þá við:**

- Það er mjög jákvætt að sjá yfirlit yfir þekkingaröflun starfsmanna á skipulagsdögum og eykur gagnsæi og skilning gagnvart starfinu sem fram fer hverju sinni. Einnig er ánægjulegt að sjá yfirlit yfir þau námskeið sem starfsmenn leikskólans hafa sótt á skólaárinu.
- Áætlunin er lýsandi fyrir starf leikskólans hverju sinni og gefur gott yfirlit yfir áherslur, aðferðir og útfærslur í starfinu.

## **Umbætur**

Foreldraráð Dals vonar innilega að tryggt verði að þær framfarir sem orðið hafa í leikskólum Kópavogs með nýrri gjaldskrá verði ekki teknar af börnum og starfsfólki leikskólanna með því að fækka starfsfólki leikskólanna í takt við fækkun stunda sem hvert barn er í leikskólanum. Börnin okkar eiga betra skilið.

## **Niðurstöður**

Starfsáætlun skólans er mikilvægt upplýsingarit fyrir starfsfólk og foreldra/forráðamenn barna á leikskólanum, hún er lýsandi fyrir starf leikskólans og gefur góða mynd af markmiðum og áherslum. Starfsáætlunin er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá Dals.

Almennt eru börn og foreldrar mjög ánægð með skólastarfið og er augljóst að börnunum líður vel í leikskólanum í hlýju og örvandi umhverfi sem styður við þroska barnanna og námsfýsi þeirra. Starfsfólk skólans á mikið hrós skilið fyrir hlýjar móttökur, góða umönnun, frábæra kennslu og faglegt starf.

Á leikskólanum Dal virðist vera góður mórall og starfsandi. Upplifun okkar er sú að allir eru velkomnir og tekið er vel á móti börnum sem og foreldrum á hverjum degi eins og um eina stóra fjölskyldu sé að ræða. Foreldraráð Dals telur starfið á Dal vera til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst fyrir hönd foreldraráðs: Silja G. Hafliðadóttir